

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Matfugl - Hurðarbak Hurðarbak, Hvalfjarðarsveit



Dags eftirlits	17.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Matfugl - Hurðarbak	Eftirlitsmaður	
Heimili	Völuteigur 2	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala	471103-2330	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Jónsson	ÍSAT nr.	10.12.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinn Jónsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu var sett fram ein ábending er varðar hauggeymsluna og eitt frávik er varðar losun ammóníaks í andrúmsloftið. Þeir útreikningar sem gerðir hafa verið, og sendir til Umhverfisstofnunar í útstreymisbókhaldinu, benda til þess að heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið sé talsvert yfir losunarmörkum sem sett eru fram í BAT.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í óvenjubundið eftirlit í Matfugl að Hurðarbaki þann 17. ágúst 2022 þar sem nýtt starfsleyfi tók gildi á árinu. Fulltrúar rekstraraðila voru Sveinn Jónsson – framkvæmdastjóri og Tómas Jónsson – gæðastjóri, fulltrúi Umhverfisstofnunar var Kristín Kröyer.

Boðað umfang eftirlitsins var:

1. Kynna heimild til álagningu stjórnvaldssektar
2. Áætlun um frágang við tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun
3. Umhverfismarkmið
4. Umhverfisstjórnunarkerfi
5. Trygging vegna bráðamengunar
6. Heildarlosun köfnunarefnis og fosfórs
7. Heildarlosun ammóníaks í andrúmsloft
8. Tæming seyru
9. Samningar við þriðja aðila um dreifingu húsdýraáburðar
10. Ársyfirlit
11. Önnur mál
12. Vettvangsferð

Í eftirlitinu var rekstraraðila afhent upplýsingablað um heimild Umhverfisstofnunar til að leggja á stjórnvaldssektir, ásamt sýnishorn af áætlun um rekstrarstöðvun. Verið er að ljúka við innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis, ISO 14001 og byrjað er að vinna eftir því. Rekstraraðili sýndi staðfestingu á tryggingu vegna bráðamengunar sem gildir út árið 2022. Tryggingin er endurnýjuð á hverju ári.

Fyrirtækið lét árið 2007 framkvæma rannsókn á fosfór og köfnunarefni í áburðinum sem tekinn er úr húsinu. Fram kom í eftirlitinu að plön eru uppi um að framkvæma nýjar efnarannsóknir þar sem breytingar hafa orðið á rekstrinum á þessum 15 árum sem liðin eru síðan efnarannsóknin var gerð.

Samkvæmt rannsóknunum frá árinu 2007 er heildarmagn köfnunarefnis, sem losað er sem úrgangsefni frá rekstrinum 0,24 kg/dýrastæði fyrir dýr/ári og heildarmagn fosfórs, sem losað er sem úrgangsefni frá rekstrinum 0,064 kg/stæði fyrir dýr/ári. Hvorutveggja er yfir lægri losunarmörkunum sem sett eru fram í BAT.

Rekstraraðilinn hefur ekki framkvæmt mælingar eða útreikninga á heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið aðrar en þær sem gerðar eru í útstreymisbókhaldinu sem skilað er til Umhverfisstofnunar á hverju ári. Við gerð útstreymisbókhaldsins eru notuð töflugildi sem gefa niðurstöðu sem er talsvert yfir losunarmörkunum í BAT. Rekstraraðili þarf þar af leiðandi að framkvæma mælingu eða útreikninga á heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið samkvæmt BAT. Í eftirlitinu var rekstraraðili upplýstur um reikniforrit, Vera, sem hægt er að nota til að framkvæma þessa útreikninga. Farið verður yfir niðurstöður

Þessara útreikninga í næsta eftirliti eða þegar ársyfirlit berst stofnuninni í síðasta lagi fyrir 1. maí 2023.

Rotþróin er frá árinu 1999. Um er að ræða 115 rúmmetra tank með siturlögn. Tankurinn var síðast tæmdur árið 2012, eftir það hefur hann verið tæmdur að hluta til tvisvar sinnum. Þar sem nánast enginn þurrhluti er leiddur í rotþróna og með tilliti til stærðar hennar þá fyllist þróin ekki hratt. Engar kvittanir voru til staðar fyrir tæmingu rotþróarinnar.

Rekstraraðili dreifir húsdýraáburði á eigið land auk þess taka fimm bændur við áburði og dreifa á eigið land. Þessir bændur taka áburðinn ýmist við tæmingu húsa eða sækja í hauggeymsluna. Allir bændurnir eru með skriflegan samning um dreifingu áburðarins.

Farið var yfir þær kröfur sem settar eru fram í starfsleyfinu um það hvaða gögnum skuli skilað í ársyfirlitinu. Ársyfirlitið skal berast stofnuninni fyrir 1. maí á hverju ári fyrir undangengið ár og eru því fyrstu skil vorið 2023. Gögnum sem skila skal eru niðurstöður mælinga og skráninga sbr. gr. 4.1 í starfsleyfinu sbr. þær kröfur sem settar eru fram í 3., 4. og 5. kafla starfsleyfisins.

Farið var yfir áhættumatið sem gert var fyrir árið 2022. Stofnunin mun í lok ársins uppfæra áhættumatið fyrir árið 2023.

Farið var í vettvangsferð að Hurðarbaki. Skoðaðar voru aðstæður við olútankinn á svæðinu, hann er með árekstrarvörn og staðsettur í þró sem er tengd við olíuskilju. Einnig voru skoðaðar aðstæður í kringum eldihúsin og fóðursílóin. Nýlega hafði verið fyllt á fóðursíló og barki að öllum líkindum losnað við áfyllinguna og fóður hafði dreifst í kringum sílóid, á jörðina og upp á þak eldishússins. Rekstraraðilar höfðu strax samband við flutningsaðila fóðursins til að láta hreinsa upp fóðrið. Einnig voru aðstæður við haughúsið skoðaðar. Engin hurð er á haughúsinu en í eftirlitinu var búið að strengja net yfir opið. Mikilvægt er að þetta net sé ávallt vel strengt fyrir hurðargatið til að hindra ágang fugla og sauðfjár í áburðinn.

#### Frávík frá

#### Lýsing á fráviki

Framkvæmdarákvörðun

framkvæmdastjórnarinnar 2017/302 frá 15.

febrúar 2017 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT) samkvæmt á ári.

tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins

2010/75/ESB, vegna þéttbærs eldis alifugla

Heildarlosun ammóníaks í andrúmsloft frá hverju eldishúsi skal mæld og

ekki vera meiri en 0,08 kg ammóníak/fuglastæði á ári. Samkvæmt

ústremisbókhaldi var losunin árið 2021 0,37 kg ammóníak/fuglastæði



## ÁBENDINGAR

Net skal ávallt vera fyrri hurðaropi hauggeymslunnar til að varna ágangi fugla og sauðfjár að öðrum kosti ber að loka hauggeymslunni á annan og tryggan máta.

## ANNAD

Upplýsa skal Umhverfisstofnun um allar breytingar á rekstri skv. gr.14 í starfsleyfi með góðum fyrirvara.

Allar breytingar, eða atvik sem hafa áhrif á hreinsibúnað eða valdið geta mengun skal tilkynna Umhverfisstofnun sbr gr. 2.7 í starfsleyfi.

Útstreymisbókhaldi skal skila fyrir fuglabú með 40.000 fugla eða fleiri.

Samkvæmt gr. 1.3 starfsleyfisins skal rekstraraðili skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar um hvaða valkosti fyrir bestu aðgengilegu tækni eru nýttir á búinu með vísan í BAT-niðurstöður greinar eigi síðar en sex mánuðum eftir útgáfu starfsleyfisins.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.08.2022



Kristín Kröyer

